

Stjórnarfundur UMSB 27. Janúar 2015 kl.20 á skrifstofu UMSB í Borgarnesi.
Mætt voru: Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Guðmundsson,
Pálmi Blængsson, Aðalsteinn Símonarson og Þórhildur María Kristinsdóttir

1. Formaður setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar. Samþykkt
3. Verkefni í gangi
 - a) Íþrótt og tómstundaskólinn.
Kominn af stað og gengur vel. Strax hefur orðið aukning á íþróttastarfi og fögnum við því.
 - b) Ráðning starfsmanna í félagsmiðstöð.
Búið að ráða starfsmann. Björk Jómundsdóttir var ráðin í fullt starf hjá Borgarbyggð, ca. 70% við félagsmiðstöðina og 30% við íþrótt og tómstundaskólann. Einnig voru ráðin Hallur Jónasson sem hefur séð um félagsmiðstöðina á Bifröst og Unnur Jónsdóttir.
 - c) Tjaldsvæði fyrir ULM 2016.
Er enn á sínum stað, Borgarbyggð búið að úthluta 5. milljónum til uppbyggingar á tjaldsvæði fyrir ULM 2016 á árinu 2015.
Bóka: Senda aftur umsókn til Borgarbyggðar um svæði í landi Kárastaða.
 - d) Húsnæði Íþrótt og tómstundaskólans.
Fer á yngsta stig grunnskólans í Borgarnesi. Verið er að setja upp innréttingar í febrúar og útbúa vinnuaðstöðu fyrir kennara í herbergi á efri hæð skólans. Stefnt að flutningi Íþrótt og tómstundaskólans í grunnskólann í mars.
 - e) Húsnæði UMSB
Getum flutt skrifstofuna í húsnæði tómstundaskólans (Skallagrímshúsið) þegar íþrótt og tómstundaskólinn flytur uppí grunnskóla. Æskilegt að gera afnotasamning við Borgarbyggð um húsnæðið þannig að tryggt sé að við höfum rúmlegan uppsagnarfrest ef til þess kæmi. Sambandsstjórinn athugar með áhuga hjá Inga Tryggva á að kaupa núverandi húsnæði UMSB.

4. Lottó

Skipting á lottótekjum lögð fram og verður hún greidd út 1.febrúar til aðildarfélaganna. Umræða um frádrátt af lottótekjum og ákveðið að leggja fyrir sambandsþing til ályktun um að afnema skylduáskrift að Skinfaxa. Einnig rætt um innheimtuaðferðir FRÍ á þáttökugjöldum og þjónustugjaldi og Pálma falið að forvitnast hjá ÍSÍ með samræmingu milli sérsambanda, hvort hún sé einhver og í hverju hún felist.

5. Sameiginleg umsókn um Landsmót.

Pálmi segir okkur frá gangi mála varðandi umsókn um að halda Landsmót UMFÍ 2017 í samstarfi við SamVest. Komið er svar frá SamVest og ekki er áhugi hjá SamVest á að sækja um Landsmót þar sem SamVest er samstarfsvettvangur um samstarf frjálsíprótta, en landsmót snýst um fleiri íþróttagreinar. Lagt er til að hafa samband við hérðassamböndin í nágrenni við okkur og athuga hvort áhugi sé fyrir því að sækja sameignlega um Landsmót UMFÍ 2017.

Bókun: Bjóða forráðamönnum héraðssambanda í nágrenninu í kaffi til að ræða hugmyndir um sameiginlega aðkomu að Landsmóti 2017.

6. Tillaga vinnuhóps um Landsmót.

Afgreiðslu frestað þar til eftir sambandsþing.

7. Samningar við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp.

Skorradalshreppur hefur lagt til breytingar á samningi sem sendur var á þá. Farið var yfir atriði samningsins og breytingarnar sem snúast um tilfærslu á upphæðum milli liða samningsins, heildarupphæð greiðslu frá Skorradalshrepp er sú sama og við óskuðum eftir.

Hvalfjarðarsveit hefur ákveðið að geyma málið þar sem þeir eru farnir af stað í stefnumótunavinnu í þessum málaflokki.

Bóka: Samningur við Skorradalshrepp samþykktur eins og hann kom frá þeim í byrjun janúar 2015.

8. SportTV.

Farið yfir gögn frá SportTV sem snúast um eflingu sjónvarpsstöðvar sem nú er eingöngu rekin á netinu og sérsamböndum og héraðssamböndum stendur til boða að kaupa sér þjónustu stöðvarinnar. Ákveðið að þetta henti okkur ekki í dag og koma þessu frekar til þeirra aðildarfélaga sem mögulega gætu nýtt sér þessa þjónustu.

9. Bílamál.

Pálmi kynnir hugmynd um að UMSB kaupi ca.15 manna bíl sem hægt er að leigja áfram til aðildarfélaga og stofnana Borgarbyggðar. Mikil þörf er á svona bíl bæði hjá þeim aðildarfélögum sem fara mikið í keppnisferðir og ýmsum stofnunum Borgarbyggðar eins og leikskólum o.fl.. Með tilkomu aukinna verkefna UMSB hefur einnig skapast þörf hjá okkur fyrir svona bíl í mörg af þessum nýju verkefnum.

Bóka: Lagt til að Pálmi skoði þessi mál frekar og kanna hvort grundvöllur sé fyrir rekstri bifreiðar.

10.Tillögur á ÍSÍ þing.

Ákveðið að fresta þar til eftir sambandsþing.

11.Umsókn um styrk.

Bjarki Pétursson sækir um styrk vegna móts sem hann tók þátt í nú fyrir skömmu.

Rætt um að stjórn þurfi að móta sér einhverja stefnu/reglur varðandi svona umsóknir. Vangaveltur um t.d. hvað skal styrkja, hvað þarf að koma fram í umsókn, hvað þarf að fylgja með umsókn, þarf að takmarka fjölda styrkja eða styrkupphæð á lið/félög/einstaklinga.

Bóka: samþykkt að styrkja Bjarka um 25.000,-kr.

12.Tillögur stjórnar fyrir sambandsþing UMSB.

- i) Athuga með óvirk félög og þann möguleika á að nýta nýtt ákvæði í lögum UMSB um að gera þau óvirk.

- ii) Ályktun til UMFÍ um að afnema skylduáskrift aðildarfélaga að Skinfaxa.
- iii) Velja einn fulltrúa í valnefnd fyrir kjör á íþróttamanni ársins.
- iv) Kjósa í stjórn afreksmannasjóðs.
- v) Rætt um möguleika á að UMSB standi fyrir gönguferðum í meira mæli en verið hefur. Hugmyndir um að gera meira úr Vatnaleiðargöngu og auglýsa og selja þá leið meira en verið hefur, líkt og gert er í dag t.d. hjá Ferðafélagi Íslands og fleirum með Laugavegin. Þetta gæti verið ágætis fjáröflun ásamt því að vera kynning á UMSB og gönguleiðum í héraðinu.
- vi) Þakkartillögur- Borgarbyggð, fleiri..
- vii) Stjórnarkjör, skipa þarf uppstillingarnefnd. Aðalsteinn Símonarson gaf kost á sér og Þórhildur ætlar að tala við Krístrúnu Snorradóttur.

13. Önnur mál.

Kristín lagði til að þau félög sem taka að sér að halda sambandsþing eða formannafundi fái greitt fyrir það annað hvort með þáttökugjöldum eða greiðslu frá UMSB.

Bóka: Samþykkt að greiða því aðildarfélagi sem heldur sambandsþing 100.000,- kr. og 50.000,- kr. fyrir formannafund.

14. Næstu stjórnarfundir

17. febrúar kl 20:00 í Borgarnesi

Fundargerð ritaði: Þórhildur María